

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Dalshraun 1b
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir, formaður	<i>Dagsetning:</i>	01.06.2023
<i>Fundarritari:</i>	Esther Hermannsdóttir	<i>Fundartími:</i>	09:00-11:30
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Hilmar Vilberg Gylfason (f.h. Bændasamtaka Íslands) Guðrún Birna Brynjarsdóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands) Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) Rósa Líf Darradóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) á Teams og Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) í síma.		

Dagskrá

1. Erindi Matvælastofnunar til fagráðs vegna veiða á stórhvelum

Kl. 09:15 – Þóra J. Jónasdóttir, dýralæknir gæludýra og dýravelferðar hjá Matvælastofnun, mætir á fundinn

Kl. 10:15 – Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktor í sjávarlíffræði, mætir á fundinn með aðstoð fjarfundarbúnaðar.

Umræða

Ákveðið var að þar sem ekki tókst að fá Egil Ole á fundinn í dag að halda fund 9. júní og athuga hvort Egil Ole komist þann dag.

Þóra Jónasdóttir mætir á fundinn 9:15

Umræður fóru fram um eftirlitsskýrslu MAST. Augljóst er að niðurstöður eru aðrar en komu fram við eftirlit 2014. Þóra var spurð um skilgreiningu á stórhvelum og hvort hægt sé að tala um hrefnu sem stórhveli. Hún benti á að langreyður geti verið yfir 70 tonn meðan hrefna er 8-9 tonn. Telur hún að það liggi ljóst fyrir hvaða hvalategundir teljist til stórhvela. Fram kom að Norðmenn hættu að veiða stórhveli um 1970, bæði vegna pólitísks þrýstings en einnig var ekki markaður fyrir slíkt hvalkjöt. Þóra benti á að Norðmenn hafi verið öflugir að taka saman gögn um hvalveiðar, eins og sjá má í svörum Hvals við eftirlitsskýrslu MAST, en þau gögn snúist mest um hrefnuveiðar. Spurt var um notkun sprengiskutuls og hvort hægt sé að gera ráð fyrir sömu líffræðilegu afleiðingum skutulsins á langreyði eða hrefnu út af stærðarmun. Fram kom að núna var í 75% tilfella líffæraskaði en ekki er vitað hvert hlutfallið var 2014. Rætt var um myndbönd og myndatökur við veiðar, spurt hvort hægt væri að hafa myndavél í mastri sem tæki upp allan sólarhringinn. Það er búið að fara fram á Go Pro myndavélar þannig að það stendur til bóta. Spurt var hvað hafi staðið upp úr í skýrslunni að mati Þóru, hvort eitthvað eitt sé mikilvægara en annað. Einnig var spurt hvort það gæti talist ásættanlegt að 33% dýra drápustrax ekki strax og hvort einhver mörk væru til á því hvað teldist ásættanlegt? Þóru fannst áberandi að ekki hafi verið skráður fjöldi skutla per dýr árið 2014 þótt farið hafi verið fram á í skilyrðum leyfis að þetta yrði skráð. Fiskistofa kallaði eftir þessum gögnum í lok veiðitímabilsins. Varðandi hvað sé ásættanlegt hlutfall, þá er það viðvarandi spurning hvað við teljum ásættanlegt að dýr þjáist lengi við veiðar. Við slátrun eiga dýr að aflfast strax, við hrefnuveiðar á alltaf að vera til staðar stór riffill sem hægt er að skjóta umsvifalaust úr. Upplýst var að við veiðar Hvals hf. tekur 8 mín að endurhlaða. Stysti tími þar til skotið var aftur við eftirlit 2022 var 11 mín. Þóra segir að seint sé hægt að kalla það ásættanlegt sem kom fram við eftirlitið 2022. Samkvæmt þeim gögnum sem birt hafa verið frá hrefnuveiðum eru 80% sögð hafa drepist strax. Einnig þurfi að horfa til þess að það er sitthvað hvort talað um miðgildi eða meðaltíma vegna þeirra hvala sem drepast ekki strax. Það geta liðið allt að tvær klukkustundir þangað til hvalur er dáinn, og jafnvel lengur. Í lokaathugasemdum Hvals hf. er óskað eftir leyfi til að fara í rannsóknir á að nota rafmagn til að aflfa hval. Þóra segir rafmagn vera mjög vandmeðfarið við aflfun. Það sé í raun ekki hægt að beita því á hvali, meðal annars þar sem við getum ekki rannsakað nýja aðferð til að sýna að hún skili árangri. Að

lokum fór fram umræða um sjólag og veður og hversu mikil áhrif það hafi haft á veiðarnar 2022. Fram kom í máli Þóru að gott veður og sjólag virðist ekki tryggja árangursríkar veiðar, það hafi verið há prósentu sem þurft hafi að skjóta aftur þrátt fyrir sæmilegt veður samkvæmt myndbandsupptökum.

Edda Elísabet Magnúsdóttir kom inn á fundinn 10:15

Umræða hófst á því ákvæði í lögum að óheimilt sé að veiða kvendýr þar sem ung afkvæmi fylgja og hvort hægt sé að tryggja, séð frá hvalveiðiskipunum, hvort afkvæmi fylgi ekki ákveðnu dýri. Edda segir að kálfa oftast fylgja móður en það sé ekki hægt að tryggja fulla vitneskju um hver fylgir hvaða dýri nema fylgjast með dýrunum í dagóðan tíma. Kálfar synda með mæðrum frá kelfingarstöðum, þúsundir kílómetra og fylgja mæðrum í 6-7 mánuði, eða þann tíma sem mæður eru mjólkandi. Edda er spurð hvort hægt sé að sjá fyrir þegar kvendýr er drepið í júlí/ágúst og er mjólkandi hvernig kálfi reiðir af næstu mánuði. Edda telur ólíklegt að sá kálfur lifi af, ef hann er enn á spena. Spurning kom fram varðandi það að ekki má drekkja dýrum samkvæmt lögum, hvort ekki megi ætla að hvalir sem fá í sig marga skutla drukkni. Edda telur það ekki ómögulegt. Mikil umræða fór fram um boðskipti hvala. Einkenni samskipta stórhvala eru lágtíðni hljóð sem berast langar leiðir, tugi og hundruð kílómetra samkvæmt Eddu. Ekki er vitað hvort stórhveli gefa frá sér hljóð í dauðastríði. Aðspurð segir Edda þessa háu tíðni þeirra dýra sem eru lengi að drepast koma á óvart, varla að þeir drepist á innan við 15 mínútum. Kom ótrúlega á óvart að verið væri að reyna veiðar í lélegum birtuskilyrðum. Þá var Edda spurð út í ferlið við að elta hvali og hversu flókið það er. Edda segir að það þurfi mjög góð skilyrði til að ná smá sýni úr hvali, hvað þá þegar á að drepa hann. Langreyðar séu mjög hraðskreið dýr þegar þau eru á ferð, koma upp og sjást svo einhverja kílómetra í burtu. Rætt að almenningur virðist oft halda að þetta séu mjög stórar og svífaseinar skepnur og því aðgengilegar og auðveiddar en Edda segir hið andstæða vera nær lagi. Ekki sé hægt að tryggja mannúðlega aflifun samkvæmt hennar mati. Edda segir að svo virðist sem reynt sé að velja að veiða dýrin eftir kelfingu. Meðgöngutími langreyðar er ár, líklegt að þær séu með kálfi þegar þær eru skotnar. Það er ekki nokkur leið að velja á milli kynja séð frá hvalveiðibát. Oft er stór hluti veiddra dýra kýr og oft kálfafullar og það hafi vistfræðilegar afleiðingar.

Fundi slitið 11:30